# Sjá þann hinn mikla flokk

*Stefán Thorarensen* *Ísólfur Pálsson, 1908*




SJÁ ÞANN HINN MIKLA FLOKK

Sjá þann hinn mikla flokk sem fjöll,
er fjölsett gnæfa' í skrúði' af mjöll,
hið prúða lið, sem pálmavið
fyr'ir hástól heldur á.

Það hetjuvalið hér má sjá,
er hörmunginni miklu frá
heim komið hér til herrans er
fyr'ir lambsins blessað blóð.

Og sínum guði sigurljóð
nú syngur þessi hirðin góð,
með hjörtun trú, svo hrærð og bljúg,
í sælla engla sveim.

*Sálmur 472/202 (1-3 /9)*

Handrit - Óbreytt: Band 3-5/2, Band 4-5/1, A02 (4 blöð, frág.), B8, B10-13b1 (frág.)